# Hugverkaiðnaður

| Fjöldi starfandi *(2024)* | Útflutningstekjur *(2024)* | Þröngt skattspor *(2022)* |
|---|---|---|
| **18.350** | **320** *ma.kr.* | **77** *ma.kr.* |

## HUGVERKAIÐNAÐUR ER FJÓRÐA STOÐ ÚTFLUTNINGS

- Hugverkaiðnaður er fjórða stoðin í útflutningi Íslands.
- Útflutningstekjur tækni- og hugverkaiðnaðar námu 264 milljörðum króna árið 2023 og gera má ráð fyrir að þær fari yfir 320 milljarða kóna á þessu ári.
- Vöxtur hugverkaiðnaðar þýðir aukinn efnahagslegan stöðugleika, fjölgar háframleiðnistörfum og sveiflujafnar hagkerfið.
- Fjárfesting fyrirtækja í rannsóknum og þróun (R&Þ) er undirstaða hugverkaiðnaðar og mannauður helsta auðlind greinarinnar.

- Lyfjaframleiðsla
- Líf- og heilbrigðistækni
- Fjarskipti og gagnaver
- Upplýsingatækni
- Tölvuleikjagerð
- Hátækni

## ÚTFLUTNINGSTEKJUR

*milljarðar kr.*







Hugverkaiðnaður | Orkusækinn iðnaður | Ferðaþjónusta | Sjávarútvegur

## ÚTFLUTNINGSTEKJUR

*janúar-ágúst, milljarðar kr.*



## FJÖLDI STARFANDI

*janúar 2010 – ágúst 2024, í þúsundum.*




- Heildarfjöldi starfandi í hugverkaiðnaði er 18.350. Er það x% af heildarfjölda starfandi á íslenskum vinnumarkaði.
- Framleiðni er hærri í hugverkaiðnaði en almennt gengur og gerist í hagkerfinu.
- Í hugverkaiðnaði eru laun hærri en að jafnaði í öðrum greinum hagkerfisins. Endurspeglar það mikla framleiðni í greininni.
- Lífskjör þjóða ráðast af framleiðni. Framleiðni er mælieining á verðmætasköpun á hverja vinnustund og því mikilvæg mælistika á stöðu og þróun hagkerfisins og framtíðarhorfur.

## FJÁRMAGN TIL RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSTARFS

*milljarðar kr.*




- Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar eru öflugasta tólið í verkfærakistu ríkisins til að stuðla að nýsköpun.
- Skattahvatar til nýsköpunar hafa leitt til þess að fyrirtæki í hugverkaiðnaði hafa sett aukið fjármagn í rannsóknir og þróun, háframleiðnistörfum hefur fjölgað og útflutningur aukist.
- Uppskeran af fjárfestingu síðustu 15 ára í rannsóknum og þróun er að koma ríkulega fram í hagkerfinu um þessar mundir.

## FRAMLAG TIL R&Þ SEM HLUTFALL AF LANDSFRAMLEIÐSLU

*%*




**2018** Þak á skattfrádrátt R&Þ kostnaðar tvöfaldað

**2020** R&Þ hvatar auknir enn frekar